



305. Stjórnarfundur haldinn 31. janúar 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/umsóknar í fræðslusjóð v/ ferðar Unnars S. Sigurðssonar til West Ham. *Fræðslusjóður styrkti Unnar um 35.000 krónur.* Tölvupóstur frá UMFÍ v/umsóknar í fræðslusjóð v/uppfærslu heimasíðu. *Umsókninni hafnað.* Tölvupóstur frá menntamálaráðuneytinu v/umsóknar fimleikadeildar. *Fimleikadeildinni úthlutaður styrkur að upphæð 300.000 krónur.* Tölvupóstur frá Stefáni M Ólafssyni v/iðkunar á handbolta auk undirskriftarlista. *Aðalstjórn er jákvæð fyrir erindinu og vill skoða áframhald málsins. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við aðila.* Bréf frá UMFÍ v/lottóúthlutunar desember 2007. Bréf frá UMFÍ v/umsóknar á 13. Unglingalandsmóti UMFÍ 2010.

3. Send bréf.

Sótt um í Verkefnasjóð UMFÍ v/heimasíðugerð.

4. Aðalfundir deilda og félagsins.

EH skýrði frá helstu niðurstöðum aðalfunda deilda sem hafa lokið sínum fundum. Almenn ánægja með deildir og afkomu þeirra. Tvær deildir eiga enn eftir að halda sína aðalfundi en það eru knattspyrnudeild en þeirra fundur er í kvöld og körfuknattleiksdeild sem hefur frestað sínum fundi.

5. Önnur mál.

Rætt um framtíðarmálefni félagsins í heild, starfskyldur og fjármál. Vegna samdráttar í þjóðfélaginu telja stjórnarmenn að stjórnir deilda fari varlega í fjárreiðum sínum. ÞMK fór yfir reikninga félagsins. Stjórnarmenn eru sammála um að niðurstaða þeirra sé viðunandi. Umræður um val á aðilum sem koma til greina að fá Starfsbikarinn. EH sagði frá því að UMFÍ hafi sagt upp samningi við Ísafjarðabæ og í leiðinni sagt upp svæðisfulltrúa UMFÍ.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 14. febrúar 2008. kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:40

